

# Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, mánudaginn 22. apríl 2014 á Kjóavöllum.

## 6. fundur

Fundur hófst kl. 18:15

Mættir: Linda Gunnlaugsdóttir, Hannes Hjartarson, Hermann Vilmundarson, Brynja Viðarsdóttir, Sigurður Halldórsson og Kristín Njálisdóttir. Lárus Finnbogason boðaði fjarveru. Einnig sat fundinn Magnús Benediktsson framkv.stjóri félagsins.

1. Farið yfir verkefnalistann og hann uppfærður. Bókun vegna Reiðskóla á svæðinu; Gengið verði frá samningum við Topphesta ehf. og reiðskóla Höllu Maríu vegna reksturs reiðskóla á félagssvæði Spretts.
2. Starfsmannamál. Linda kynnti nýjan framkvæmdastjóra félagsins. Magnús Benediktsson hefur verið ráðinn f.o.m. 16. apríl sl.
3. Fjármálin: Máli frestað til næsta fundar.
4. Næstu mót – upplýsingar frá mótanefnd félagsins. Mikið um að vera næstu vikur við mótahald félagsins sem og annara félaga á höfuðborgarsvæðinu. Firmakeppni Spretts verður nk. laugardag 26. apríl, World ranking mót félagsins 16. maí og síðan er gæðingakeppni Spretts og úrtaka fyrir landsmót haldið 31. maí. Bikarkeppni LH sem ráðgert var að haldið yrði 23.-24. apríl, hefur verið aflýst vegna dræmrar skráningar.
5. Nefndarfundur – fundur stjórnar með formönnum nefnda ráðgerður nk. laugardag 26. apríl. Ákveðið að bjóða formönnum nefnda á morgunverðarfund með stjórn félagsins og ræða störf nefndanna. Fundurinn verður frá kl. 09:00 til 10:30.
6. Félagfundur – hafinn er undirbúningur fyrir almennan félagfund. Ráðgert að boða til félagfundar um miðjan maí.
7. Reiðhöllin – farið yfir stöðu verkefna innan reiðhallarinnar, frágang og fleira.
8. Önnur mál: Linda kynnti bréf Þorsteins Pálssonar vegna vallarmála – tæknilegur frágangur. Bréfið verið tekið til umfjöllunar á næsta fundi stjórnar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:40

Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir.